

Svipmyndir frá ferð
Skógræktarfélags Íslands
til Noregs 2009





Fyrsta máltíðin í Noregi! Farið í “Bónus” og keypt nesti, enda verðlag á veitingastöðum í hærra lagi fyrir kreppuhrjáða Íslendinga.



Íslendingarnir skoða sig um í Trjásafninu og grasagarðinum í Bergen.

Í Trjásafninu er meðal annars gott safn af reynitrjám.



Það er hægt að rækta ýmislegt í Bergen,
eins og sjá má á þessari blómlegu
bananaplöntu í grasagarðinum.





Leiktæki fyrir börn og unga í anda. Það voru ýmsir fullorðnir sem stóðust ekki mátið að prófa!



Ferðalangarnir njóta útsýnisins yfir Bergen af Fløyen-fjalli, en þótt ótrúlegt megi teljast hélst veðrið þurrt nær allan tímann í Bergen.



Íslendingarnir skoða sig um í útivistarskógi Bergenbúa á Flöyen.



Nestisskýli á Flöyen. Trén spretta vel, meira að segja á þakinu!



Kaffi, bjór og samlokur í boði Skógræktarfélagins í Bergen – nammi, namm.



Skógræktarfélag Bergen er með þessa vinnsluaðstöðu á Flöyen, en ferðalangarnir fengu sýningu á því hvernig sögin virkaði.



Eins og sjá má falla til hinir vænstu bolir í skóginum.



Aðalmiðstöð Skógræktarfélagsins í Bergen.



Merki Skógræktarfélagsins í Bergens. Félagið er rúmlega 140 ára gamalt og eldra en Norska skógræktarfélagið.



Skomakerdiket á Flöyen. Mjög vinsælt útivistarsvæði á sumrin meðal borgarbúa, en einnig koma þangað heilu rútufarmarnir af strandferðaskipsferðamönnum.



Bryggjuhverfi í útjaðri Bergen.



Fiskitorgið í Bergen. Vinsælt bæði meðal heimamanna og ferðamanna.

Gamla Hansakaupmannahverfið í Bergen.





Eins og sjá má hafa húsin aðeins hnikast til í aldanna rás...



Fleischer's Hotel, sem gist var á í Voss, byggt í svissneskum fjallastíl.



Veðrið lék svo sannarlega við ferðalangana nær alla ferðina og var því víða mjög fallegt um að líta.

Noregur getur líka státað af fallegum fossum.



Það er víða falleg fjallasýnin.





Þær íslensku eru sko miklu sætari!



Skógarbóndi í Strindeskleiv heimsóttur.



Það eru fleiri dýr en mannfólkið á ferðinni í skóginum, en hér má sjá hina myndarlegustu maurapúfu.



Inn á milli opnaðist svo hið fallegasta útsýni úr skóginum.



Innfæddir notuðu tækifærið þegar þeir fengu svona myndarlegan hóp af Íslendingum í heimsókn og vígðu formlega nýjan skógarveg, með því að svipta hjartarskinni af minnisvarða.



Skiltið segir allt sem þarf.



Gömul útihús í Löö sem búið er að innrétta sem skemmtilegan veislusal.



Og saltkjötssúpan sem boðið
var upp á í útihúsunum!



Í fjórðunum voru bátar áður fyrr aðal samgöngutækið og má víða sjá bátaskýli.



Byggðasafnið í Agatunet heimsótt, en þar er lítið sveitaþorp varðveitt.

Norðmenn leggja mikið upp úr þjóðbúningum,
enda eru þeir margir gullfallegir.





Í nágrenni Agatunet er mikil ávaxtarækt, sérstaklega eplarækt og var oft erfitt að stilla sig um að hnupla eins og einu!

Tvindefoss – sérlega fallegur, líka í rigningunni
sem aldrei þessu vant féll á ferðalangana.





Ferjur eru mikilvægur hluti af samgöngum í fjörðunum.



Fjarðalandslagið er fallett.



Á leið upp í Jötunheima.



Landslag í Jötunheimum er víða heldur “íslenskt” að sjá – jöklar og rýr gróður.

Þar eins og hér hafa ferðamenn gaman af því
að hlaða litlar vörður. Grjótið er reyndar heldur
endingarbetra í Noregi....





Hér koma saman tvö einkenni Norðmanna – þjóðbúningur og kirkjusókn!



Hopperstad stafkirkjan.

Í prestagarðinum í Leikanger, sem er þekktur fyrir góðan vöxt á hinum ýmsu fágætari trjátegundum.





Samkvæmt regluverki Evrópusambandsins varð bílstjórinn að taka sér hlé á akstri og var stoppað í bænum Lom, þar sem sjá mátti þessa fallegu kirkju.



Það hættulegasta fyrir timburkirkjur – hundar sem reykja!




Eins og til heyrir í skógræktarferðum rataði eitt og eitt fræ ofan í vasa....



Síðdegissól í Guðbrandsdalnum.



Í Hamar var farið í eitt vinsælasta safn Noregs, Skógarsafnið.





Græjudeildin í Skógarsafninu.

Skógarsafnið spannar allar hliðar skógarins, líka dýralífið.





Fyrir utan Skógarsafnið er vísir að grasagarði.



Þar er líka brú frá safninu yfir ána Glomma, yfir í útivistarsvæði á Prestaeyju.



“Ræktarlegt” bjálkahús á Prestaeyju.



Við Skógarsafnið er líka stórt leiksvæði, þar sem finna má ýmsa skemmtilega kofa.



Norski skógarfræbankinn í Hamar heimsóttur.



Í Norska skógarfræbankanum var vel tekið á móti Íslendingunum, enda forstöðumaður hans sá smekkmaður að eiga íslenska konu!



Í fræbankanum eru stundaðar ýmsar rannsóknir, meðal annars athuguð spírun á fræi.



Eins og sjá má kemur fræið mis vel út.

Dunkar með fræi í frystigeymslu í
fræbankanum.





Tilvonandi frætíslumenn æfa sig í að klifra í trjám.



Ferðalangarnir þakka fyrir sig með rammíslenskum harðfiski.



Í byggðasafninu í Hamar, en hin fínasta gönguleið liggur í gegnum það.



Hér má sjá öðruvísi nálgun að varðveislu menningarminja, en inni í þessum glerhjúp eru rústir dómkirkjunnar í Hamar.

Eins og sjá má stendur ekki mikið eftir af kirkjunni.





Haldið var út í skóg í Oslomarka, útivistarskógi Oslóbúa og nágrennis, en þar tók Norska skógræktarfélagið á móti hópnum.



Heimsóknin í Oslomarka var á sama tíma og skólakrakkar heimsækja skóginn.



Í skóginum eru svo ýmsar stöðvar þar sem krökkunum eru kynntar hinar ýmsu hliðar skógræktar, þar á meðal skógarhögg.



Fullorðna fólkíð í Íslendingahópnum fékk hins vegar sérstakan leiðsögumann.



Því miður voru það bara börnin sem fengu að
tálga og mála...



...og mátti sjá margar góðar hugmyndir að listaverkum úr afurðum skógarins.



Hefðbundnar aðferðir við útdrátt timburs úr skóginum. “Tækið” er nokkuð örugglega 1 hestafl...



Vegir liggja til allra átta... í Osломарка...



Fyrirlestur í skóginum í Oslomarka.



Útsýnið úr skóginum yfir Oslo er fallett.



Skemmtilegur “náttúru-skúlptúr” í skóginum.

Pinghúsið í Osló.





Konungshöllin.



Höfnin í Osló.



Á vaktinni við Akershus-virkið.



Það er ekki bara Kanada, sem er með “Mounted Police”!

Noregur úr lofti, á leiðinni heim.

